



ÁRSSKÝRSLA

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

2011

Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2011

Stjórn:

Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, formaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, varaformaður
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II, ritari
Kristinn Jónsson, Staðarbakka
Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal

Varastjórn:

Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I
Björn Harðarson, Holti I
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
Guðmundur Jónsson, Reykjum

Félagsskjörnir skoðunarmenn:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð

Varaskoðunarmenn:

Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum
Bjarni Jónsson, Selalæk

Endurskoðunarnefnd:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Steinþór Skúlason, markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjaráðs hf.

Umsjón: Fjármáladeild SS
Hönnun: Ísafoldarprentsmiðja
Mynd á kápu: Lómagnúpur, Mats Wibe Lund
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja
Prentað á umhverfisvænan pappír

ÁRSSKÝRSLA 2011

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF. 105. STARFSÁR AÐALFUNDUR 23. MARS 2012

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ávarp forstjóra | 4 |
| Afkoma ársins | 4 |
| Lykiltölur úr samstæðureikningi | 10 |
| Ársreikningur samstæðunnar | 11 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 12 |
| Skýrsla stjórnar | 13 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 14 |
| Efnahagsreikningur | 15 |
| Yfirlit yfir eigið fé..... | 16 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 17 |
| Skýringar með ársreikningi..... | 18 |
| Félagsdeildir og formenn | 36 |
| Stjórnarhættir | 37 |
| Starfshættir | 39 |



ÁVARP FORSTJÓRA

Árið 2011 var fyrir margra hluta sakir minnisvert í rekstri SS.

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með farsælum hætti. Langtímaskuldir félagsins voru endurfjármagnaðar með milligöngu lífeyrissjóða til 25 ára sem skilar félaginu lágri greiðslubyrði og hagstæðum lánakjörum til langs tíma. Það er sérlega ánægjulegt að lífeyrissjóðir hafi komið að endurfjármögnun félagsins með þessum hætti og jafnframt vitnisburður um sterka stöðu SS.

Rekstrarafkoma félagsins var sú besta til margra áratuga. Hagstæðar aðstæður á mörkuðum og sú stefna sem fylgt hefur verið í hagræðingu og einföldun á rekstri skilaði þessum árangri.

Í upphafi árs 2012 var félagið með 46% eiginfjárhlutfall og mjög sterka greiðslustöðu. Félagið hefur á að skipa hæfu og kappsfullu starfsfólki sem einhendir sér í að styrkja stöðu félagsins enn frekar með sókn innan núverandi og nýrra markaða.

Hinn 28. janúar síðastliðinn fagnaði SS 105 ára afmæli sem eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins. Á þessum tímamótum var ákveðið að heiðra gengnar kynslóðir og gera félagsmönnum gagn og gleði með endurprentun á 25 og 50 ára afmælisritum félagsins. Rit þetta verður gefið félagsmönnum.

Pétur Ottesen alþingismaður og stjórnarformaður Sláturfélagsins ritaði í 50 ára afmælisrit SS, árið 1957 og sagði þá meðal annars:

„Stjórnendum Sláturfélags Suðurlands hefur jafnan verið það ljóst, að styrkur félagsins liggur í því fyrst og fremst, að það nýtur trausts neytendanna. Því betur sem félaginu tekst að gegna þessu hlutverki, því traustari verður að staða þess til þess að standa vörð um hagsmuni bændanna sem það vinnur fyrir. Innan félagsins er fyrir hendi fullur skilningur á því, að þetta hvort tveggja er í órofa sambandi hvort við annað.“

Orð Péturs lýsa stefnu og markaðshugsun sem félagið hefur fylgt alla tíð og gerir enn.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

AFKOMA ÁRSINS

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess Reykjaráði hf.

Samkomulag var gert við viðskiptabanka félagsins um uppgjör gengistryggðra lána á árinu 2011 sem leiddi til jákvæðrar niðurstöðu fjármagnsliða og lækkun lána, áhrif þessa á rekstrarniðurstöðu eru jákvæð um 820 mkr. Langtímaskuldir félagsins voru jafnframt endurfjármagnaðar með nýrri lántöku að fjárhæð 1.600 mkr. til 25 ára sem lækkar umtalsvert árlegar afborganir lána.

Á árinu 2011 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 1.179,2 mkr. en 186,4 mkr. árið áður.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 8.451,2 mkr. árið 2011, en 7.601,5 mkr. árið áður og hækka því um 11,2%. Aðrar tekjur voru 57,5 mkr. en 34,5 mkr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 4.344,5 mkr. en 4.127,0 mkr. árið áður. Launakostnaður var 1.818,4 mkr. en 1.625,9 á fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður var 1.422,5 mkr. en 1.416,2 mkr. árið áður. Afskriftir voru 291,6 mkr. en 270,3 mkr. á fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 632,7 mkr., en 196,6 mkr. árið áður.



Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var jákvæð um 39,9 mkr. en árið áður um 24,4 mkr. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 731,0 mkr., en fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 41,8 mkr. árið áður. Niðurfelling gengistaps lána og vaxta nam 1.027,0 mkr. Gengistap nam 128,9 mkr. samanborið við 98,5 mkr. gengishagnað árið áður.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 224,4 mkr. en reiknaður tekjuskattur til tekna að fjárhæð 7,2 mkr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 1.179,2 mkr. en 186,4 mkr. árið áður.

Í árslok 2011 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 5.896,1 mkr. og hækkuðu um 4,9% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 3.503,2 mkr. og lækkuðu um 3,2%. Veltufjármunir voru 2.392,9 mkr. og höfðu hækkað um 19,5%.

Eigið fé var 2.710,9 mkr. og hafði hækkað um 75,2% eða 1.163,9 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2011 var 46,0% en var 27,5% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 2.394,0 mkr. og skammtímaskuldir voru 791,2 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 13,4% voru skammtímalán, 40,6% voru langtímalán og skuldbindingar, og eigið fé 46,0%.

Veltufjárlutfall var 3,0 í árslok 2011, en var 1,3 í árslok 2010. Arðsemi eigin fjár var 55,4% á árinu 2011, en 12,7% árið 2010.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 166,6 mkr. á árinu, en fyrir 119,5 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 36,6 mkr., 100,3 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum og 29,8 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir varanlegir rekstrarfjármunir fyrir 29,4 mkr.

Veltufé frá rekstri var 905,9 mkr. árið 2011, samanborið við 462,2 mkr. árið 2010.

Í árslok 2011 störfuðu 361 starfsmaður hjá Sláturfélaginu sem er fækkun frá árinu áður er þeir voru 363. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 489 á launaskrá. Unnin ársverk 2011 voru 414, en voru 416 árið áður.

AFURÐIR

SAUÐFÉ

Slátrun hófst á Selfossi þann 25. ágúst og lauk 7. nóvember. Haustslátrun var alls 101.110 kindur en önnur slátrun var 764 kindur. Alls var slátrað 101.874 kindum á árinu sem gera 1.667 tonn af innveggu kjöti og af þeim voru 6.629 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,7 kg eins og árið 2010.

Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða á árinu 2011 var 730,1 mkr. en var 582,6 mkr. árið áður.

Á árinu 2011 voru flutt út tæplega 411 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.105 tonn á móti 1.164 tonnum árið áður.

NAUT


Heildarslátrun nautgripa árið 2011 var 919 tonn af 5.238 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 67 tonn. Þetta er 3 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2011 var 853 tonn en var 865 tonn árið 2010.


Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2011 var 417,9 mkr. en var 363,2 mkr. árið 2010.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 7 tonn í árslok eins og árið áður.

Sauðfjárlátrun 1907 – 2011




Nautgripaslátrun 1907 – 2011





Hrossslátrun 1907 – 2011



HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2011 var 305 tonn af 2.222 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktaka-slátrun um 9 tonn. Þetta er 25 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2011 var 56,2 mkr. en var 36,1 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2011 var 303 tonn á móti 316 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 219 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok 15 tonn en voru 12 tonn árið 2010.

SVÍN


Heildarslátrun svína árið 2011 var 861 tonn af 10.958 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktaka-slátrun um 65 tonn. Þetta er 76 tonna minnkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 287,2 mkr. en var 222,1 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2011 var 792 tonn sem er 27 tonna minnkun frá árinu 2010.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru 5 tonn í árslok en árið áður voru þær engar.

Svínslátrun 1907 – 2011




KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2011 var 2.980 tonn. Þetta er 56 tonnum meira en slátrað var í fyrra.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2011 var 3.006 tonn sem er 1 tonni meira en árið áður.

Birgðir kjúklinga í árslok voru 54 tonn en voru 50 tonn árið áður.

Kjúklingaslátrun 2004 – 2011



| | Sláturfjöldi | | Br. milli ára | |
|------------|--------------|-----------|---------------|--------|
| | 2011 | 2010 | Stk. | % |
| Sauðfé | 101.874 | 99.507 | 2.367 | 2,4% |
| Nautgripir | 5.238 | 5.615 | (377) | (6,7%) |
| Hross | 2.222 | 2.014 | 208 | 10,3% |
| Svín | 10.958 | 11.504 | (546) | (4,7%) |
| Kjúklingar | 1.891.587 | 1.814.840 | 76.747 | 4,2% |

AFURÐAÐEILD

Rekstur afurðadeildar einkenndist af mikilli eftirspurn eftir afurðum. Jafnt kjöti og aukaafurðum af ýmsu tagi. Markaðsaðstæður hér heima og erlendis leiddu til hækkanði söluverðs og þar með sköpuðust tækifæri til að hækka afurðaverð til bænda. Auk verðhækkana greiddi félagið uppbot á afurðaverð fyrra árs. Félagið jók hlutdeild sína í slátrun á landsvísu og er sem fyrr stærsti sláturleyfishafi landsins.

Upphaf sauðfjársláturtíðar var fært fram um eina viku frá fyrra ári en þá var mikill áhugi á slátrun fyrri hluta september. Nú bar svo við að áhugi bænda á slátrun á þessum tíma var mjög takmarkaður og því var sláturgeta mjög vannýtt framan af sláturtíð en að sama skapi vantaði afkastagetu þegar líða fór á. Þetta hafði í för með sér talsvert óhagræði og kostnaðarauka, m.a. varð að slátra nokkra laugardaga. Uppbygging verðskrár var kynnt snemma á árinu og tók hún mið af því sjónarmiði að jafna hag og áhuga bænda á innleggstíma. Félagið greiddi sambærilegt verð og aðrir sláturleyfishafar. Nokkur aukning varð í sauðfjárslátrun. Skipt var um tölvukerfi í kjötmati og nýtt tölvustýrt rekjanleikakerfi afurða tekið í notkun. Hagrætt var á ýmsum stigum slátrunar og fékkst dagslátrun aukin í 2.800 stk.



Mikill skortur var á hrossum til slátrunar fyrri hluta ársins en í lok árs varð töluvert offramboð og mynduðust biðlistar um tíma. Vegna góðra afsetningarmöguleika gat félagið mætt þessu með aukinni slátrun án þess að til verðlækkunar kæmi. Veruleg aukning varð í folaldaslátrun. Áfram var viðvarandi skortur á nautgripum en slátrun varð svipuð og áður. Svínaslátrun dróst aðeins saman milli ára. Stórgripaslátruhúsið var því vannýtt og mestan part ársins aðeins slátrað 4 daga vikunnar í hagræðingarskyni.

Á árinu gekk útflutningur dillakjöts og annarra afurða mjög vel, enda gengi íslensku krónunnar hagfellt útflutningi og góð eftirspurn eftir kjöti og hliðarafurðum. Dillakjöt var flutt út til Evrópulanda og Japans. Hrossakjöt var flutt út til Evrópu og Rússlands. Gærur, húðir, garnir, hausar o.fl. seljast að mestu fyrirfram og aukin eftirspurn er eftir ýmsum aukaafurðum sem áður voru lítills virði. Til að svara þessari eftirspurn og til að draga úr auknum kostnaði við úrgangslausun er unnið að því að bæta aðstöðu til hirðingar aukaafurða á Selfossi.



Fastur og öruggur kjarni starfar á Selfossi árið um kring og í sláturtíð bætist við vaskur hópur fólks af ólíkum uppruna. Atvinnumenn og reynsluboltar í bland við nýliða.

Þann 1. nóvember tók gildi ný matvælaeigning og hafði hún í för með sér að nú hefur afurðastöð félagsins leyfi til slátrunar, vinnslu og útflutnings allra tegunda sláturgripa og afurða úr þeim á Evrópska efnahagssvæðinu. Úttektarmenn eru reglulegir gestir á Selfossi og sem fyrr stóðst afurðastöðin ýrustu kröfur. Umtalsverður og ört vaxandi kostnaður er samfara eftirliti og auknum kröfum, en í því felast jafnframt áhugaverð tækifæri til útflutnings.

KJÖTIÐNAÐUR

Kjötiðnaður félagsins hélt markaðshlutdeild sinni þrátt fyrir erfitt árferði. Viðsnúningur til hins betra varð í rekstri kjötiðnaðarinnar með hagræðingaraðgerðum og vegna betri ytri aðstæðna á erlendum innkaupum rekstrarvara.

Nokkrar nýjar vörutegundir komu á markað og endurspeglar það áherslu félagsins á vöruþróun.

Þann 1. maí var því fagnað að kjötvinnsla félagsins hafði starfað í 20 ár á Hvolsvelli. Vinnustaðurinn hefur fest sig í sessi og er sá stærsti í sveitarfélaginu. Veitir hann 150-160 manns atvinnu með tilheyrandi afleiddum störfum og margfeldisáhrifum. Sem fyrr er vinnslan mönnuð sérmenntuðu fagfólki á sviði kjötiðnaðar, matartækni og gæðastjórnunar í bland við fólk með áralanga reynslu og hæfni úr iðnaðinum. Stöðugt er leitast við að gera kjötvinnslna að betri og eftirsóttari vinnustað. Haldin eru námskeið og boðið upp á





endurmenntun af ýmsu tagi. Á annan tug starfsmanna lauk á árinu verklegu og bóklegu kjötskurðarnámi sem alfarið fór fram á vinnustaðnum. Fyrirtækið er með þessum hætti að bæta stöðu starfsmanna sinna og gefa þeim tækifæri til þess að eflast í starfi sem fagmenn. Í gildi er samningur sem felur í sér greiðan aðgang starfsfólks að heilsugæslu og heilbrigðisráðgjöf með það að markmiði að auka starfsánægju og stuðla að andlegri og líkamlegri velliðan starfsfólks.



Það er markmið að kjötvinnslan á Hvolsvelli sé og verði í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar. Á árinu var fjárfest í nýjum tækjabúnaði og gerðar endurbætur á húsnæði og aðstöðu í samræmi við það markmið. Ný matvælaeplugerð tók gildi þann 1. nóvember síðastliðinn. Í henni felast gríðarlegar breytingar og auknar kröfur til starfsmannar. Þessum kröfum hefur verið mætt með ýmsum hætti, endurskoðun innra eftirlitskerfis, endurnýjun búnaðar, breytingum og endurbótum á húsnæði o.fl. Allt hefur þetta í för með sér fjárútlát, en jafnframt aukin tækifæri því nú opnast dyr Evrópu fyrir allar framleiðsluvörur félagsins.

Vörumerki SS njóta trausts hjá íslenskum neytendum og vörur þess eftirsóttar. Kjötíðnaðurinn stendur styrkum fótum og það er metnaður félagsins að reka öflugustu og best tækjum búna kjötvinnslu landsins. Það er keppikefli félagsins að bjóða íslenskum neytendum hér eftir sem hingað til aðeins úrvals matvörur.

INNFLUTNINGUR

Matvælahluti innflutningsdeildar gekk ágætlega á árinu 2011. Tekist hefur að viðhalda sterkri stöðu í helstu vöruflokkum innfluttrar matvöru. Komið hefur verið á nýjum viðskiptasamböndum sem gefa góða möguleika til frekari vaxtar á komandi árum. SS er umboðsaðili fyrir mörg þekkt vörumerki í matvælum og gekk sala þeirra vel. Vörumerkin eru alþjóðleg og þekkt í huga neytenda enda sterk markaðshlutdeild vara eins og Barilla pasta, sælgæti frá Mars og Uncle Ben's hrisgrjón svo eitthvað sé nefnt af vöruframboði deildarinnar.



Sala á tilbúnum áburði til bænda er vaxandi hluti af starfsemi félagsins ásamt innflutningi á kjarnfóðri, rúllu-plasti og sáðvörum. Aukin áhersla á helstu búrekstrarvörur bænda skapa skilyrði til sóknar á þeim markaði. Áburðurinn frá Yara er viðurkennd gæðavara hjá bændum um allan heim. Aðrir innflutningsaðilar á áburðarmarkaði eru flestir að bjóða fjölkorna áburð en áburðurinn frá Yara er allur einkorna gæðaáburður. Kúafóðrið frá DLG hefur reynst ákaflega vel en afurðahæsta kú landsins á árinu 2011 var til að mynda fóðruð með kúafóðrinu frá DLG auk þess sem Yara áburður hefur verið notaður á búinu um árabil.

REYKJAGARÐUR HF

Árið 2011 var gott ár í rekstri Reykjarðs, en félagið skilaði hagnaði og hélt markaðshlutdeild sinni. Fóðurverð og verð annarra aðfanga er þó enn hátt og hefur sett mark sitt á verðþróun á kjúklingi.

Samkeppni á kjötmarkaði hefur verið mætt með aðhaldi í rekstri. Margt bendir til að fóðurverð haldist áfram hátt. Neysla á alifuglakjöti er mjög mikil og hafa þær afurðir aukið hlutdeild á kjötmarkaðnum en sala alifuglakjöts í magni er um 30% af kjötsölu, jafnframt því að vera stærsta einstaka kjöttegundin í innanlandsölu.

Vöruþróun og fjölbreytni í vöruframboði hefur meðal annars leitt til þess að velta hefur aukist. Félagið styrkir ímynd sína með öflugri vöruþróun og framleiðslu á gæðavörum fyrir neytendur.

Reykjarður var stofnaður árið 1971, en hjá félaginu vinna um 100 starfsmenn, einkum á Hellu og á höfuðborgarsvæðinu, en kjúklingaeldið er dreift á sjö staði víðsvegar um suðvesturlandið.



FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

| | 2011 | | 2010 | |
|-----------------------------------|-------|------|-------|------|
| | stk. | kg. | stk. | kg. |
| Öræfedeild | 3.838 | 16,2 | 3.184 | 16,0 |
| Hörglandsdeild | 4.234 | 15,2 | 4.192 | 15,0 |
| Kirkjubæjardeild | 5.803 | 16,1 | 5.992 | 16,2 |
| Skaftártungudeild | 4.936 | 15,6 | 4.936 | 14,9 |
| Álftavers- og Meðallandsdeild | 3.559 | 14,5 | 3.884 | 14,9 |
| Hvamsdeild | 3.121 | 15,7 | 3.273 | 16,2 |
| Dyrhóladeild | 2.896 | 14,9 | 3.137 | 15,1 |
| A-Eyjafjalladeild | 1.673 | 17,1 | 2.215 | 16,3 |
| V-Eyjafjalladeild | 3.905 | 15,4 | 3.985 | 15,4 |
| A-Landeyjadeild | 1.994 | 15,5 | 1.962 | 15,7 |
| V-Landeyjadeild | 2.589 | 15,3 | 2.895 | 15,6 |
| Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild | 5.154 | 15,5 | 5.431 | 15,6 |
| Rangárvalladeild | 4.293 | 15,1 | 4.012 | 16,0 |
| Holta- og Landmannadeild | 5.183 | 15,9 | 4.618 | 15,7 |
| Ása- og Djúpárdeild | 3.489 | 15,8 | 3.241 | 15,6 |
| Gaulverjabæjardeild | 460 | 17,3 | 340 | 17,4 |
| Árborgardeild | 835 | 16,7 | 775 | 17,2 |
| Hraungerðisdeild | 1.780 | 16,8 | 1.589 | 16,7 |
| Villingaholtsdeild | 1.263 | 16,4 | 1.297 | 16,5 |
| Skeiðadeild | 2.327 | 15,9 | 1.985 | 15,6 |
| Gnúpverjadeild | 2.422 | 17,1 | 2.218 | 17,3 |
| Hrunamannadeild | 4.953 | 16,1 | 4.740 | 16,5 |
| Biskupstungnadeild | 3.107 | 18,0 | 2.384 | 18,1 |
| Laugardalsdeild | 952 | 15,1 | 1.194 | 16,3 |
| Grímsnesdeild | 2.628 | 15,1 | 2.970 | 15,0 |
| Þingvalla- og Grafningsdeild | 4.028 | 14,5 | 4.075 | 15,2 |
| Ölfusdeild | 1.691 | 15,4 | 1.305 | 16,3 |
| Kjósardeild | 3.196 | 15,7 | 2.967 | 15,9 |
| Hvalfjarðardeild | 3.198 | 14,9 | 2.803 | 15,0 |
| Borgarfjarðar- og Mýrardeild | 3.005 | 15,7 | 3.178 | 15,3 |
| Daladeild | 3.324 | 15,6 | 2.867 | 15,8 |
| Snæfells- og Hnappadalsdeild | 5.175 | 16,2 | 4.433 | 15,9 |
| Utan deilda | 863 | 14,2 | 1.430 | 14,4 |



LYKILTÖLUR ÚR SAMSTÆÐUREIKNINGI

| Rekstur | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|----------------|----------------|----------------|------------------|----------------|
| Fjárhæðir í mkr. | | | | | |
| Rekstrartekjur | 8.451,2 | 7.601,5 | 7.120,4 | 6.605,2 | 5.472,4 |
| Aðrar tekjur | 57,5 | 34,5 | 35,1 | 77,7 | 34,4 |
| Vöru- og umbúðanotkun | (4.343,5) | (4.127,0) | (3.939,0) | (3.448,3) | (2.540,3) |
| Laun og tengd gjöld | (1.818,4) | (1.625,9) | (1.570,0) | (1.593,1) | (1.480,4) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.422,5) | (1.416,2) | (1.256,5) | (1.142,1) | (1.020,9) |
| Afskriftir | (291,6) | (270,3) | (279,1) | (374,3) | (239,3) |
| Rekstrarhagnaður | 632,7 | 196,6 | 110,9 | 125,1 | 225,9 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna | 39,9 | 24,4 | 6,5 | 0,1 | 24,6 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 731,0 | (41,8) | 261,7 | (1.840,6) | (119,3) |
| Hagn. (tap) fyrir aðra liði | 1.403,6 | 179,2 | 379,1 | (1.715,4) | 131,2 |
| Tekjuskattur | (224,4) | 7,2 | 32,7 | 160,4 | 1,5 |
| Hagnaður (tap) ársins | 1.179,2 | 186,4 | 411,8 | (1.555,0) | 132,7 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 905,9 | 462,2 | 384,5 | 485,0 | 337,6 |
| | | | | | |
| Efnahagur 31. desember | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
| Fjárhæðir í mkr. | | | | | |
| Fastafjármunir | 3.503,2 | 3.618,1 | 3.769,0 | 3.922,1 | 2.968,2 |
| Veltufjármunir | 2.392,9 | 2.001,8 | 2.369,7 | 2.325,7 | 1.558,9 |
| Eignir samtals | 5.896,1 | 5.619,9 | 6.138,7 | 6.247,8 | 4.527,1 |
| Eigið fé | 2.710,9 | 1.547,0 | 1.383,2 | 1.005,9 | 1.613,8 |
| Þar af A og B-deild stofnsjóðs | 431,7 | 435,8 | 437,4 | 439,2 | 420,9 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | 2.394,0 | 2.515,4 | 2.991,8 | 3.854,8 | 2.024,3 |
| Skammtímaskuldir | 791,2 | 1.557,5 | 1.763,7 | 1.387,1 | 889,0 |
| Skuldir samtals | 3.185,2 | 4.072,9 | 4.755,5 | 5.241,9 | 2.913,3 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 5.896,1 | 5.619,9 | 6.138,7 | 6.247,8 | 4.527,1 |
| | | | | | |
| Kennitölur | | | | | |
| EBITDA | 924,3 | 466,9 | 390,0 | 499,4 | 465,2 |
| Innra virði | 6,3 | 3,5 | 3,2 | 2,3 | 3,8 |
| Veltufjárhlutfall | 3,0 | 1,3 | 1,3 | 1,7 | 1,8 |
| Eiginfjárhlutfall | 46% | 28% | 23% | 16% | 36% |
| | | | | | |
| Ársverk | | | | | |
| Unnin ársverk | 414 | 416 | 435 | 437 | 441 |



Sláturfélag Suðurlands svf.

Ársreikningur samstæðunnar

2011



ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda í Slátturfélagi Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjavígar hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 24. febrúar 2012

Deloitte ehf.

Halldór Arason,
endurskoðandi

Jón Freyr Magnússon,
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Slátturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 24. febrúar 2012

Ásbjörn Sigurgeirsson

Kjartan Magnússon



SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykja-
garðs hf. sem Sláturfélagið á að öllu leyti.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2011 1.179 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 5.896 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 2.711 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 46,0%.

Sláturfélag Suðurlands svf. komst á árinu 2011 að samkomulagi við viðskiptabanka sinn, Arion banka hf., um uppgjör gengistryggðra lána. Með samkomulaginu við Arion banka lækka langtímaskuldir félagsins um 1.100 millj.kr. með leiðréttingu gengistryggðra lána og uppgreiðslu lána. Langtímaskuldir félagsins voru endurfjármagnaðar með lánum að fjárhæð 1.600 millj.kr. með lánstíma til 25 ára. Endurskipulagningin hefur um 820 millj.kr. jákvæð áhrif á afkomu félagsins að teknu tilliti til reiknaðs tekjuskatts og er hún færð til tekna í þessum ársreikningi.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. hefur samþykkt að skrá félagið á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX en félagið hefur um árabíl verið skráð á Opna tilboðsmarkaðnum hjá Kauphöll Íslands. NASDAQ OMX hefur samþykkt skráningu Sláturfélagsins á First North markaðnum og var opnað fyrir viðskipti 14. júlí 2011.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 252 millj.kr. og eiga 2.191 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.209 árið áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 576 hluthafa og fækkaði þeim um 5 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseignandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar. Tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs, Virðing hf. með 31,75% hlut og Ólafur Í. Wernersson með 22,76% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 9,96% hlut í B-deild stofnsjóðs eða 19,9 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 15,224% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 5,224% og reiknaðir 15,224% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs. Stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2012

Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
formaður

Sigurlaug Jónsdóttir,
varaformaður

Aðalsteinn Guðmundsson

Kristinn Jónsson

Guðmundur H. Davíðsson

Forstjóri

Steinþór Skúlason



REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|------------------|----------------|
| Rekstrartekjur | 5 | 8.451.178 | 7.601.487 |
| Aðrar tekjur eða gjöld | | 57.568 | 34.558 |
| Vöru- og umbúðarnotkun | | (4.343.478) | (4.126.950) |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | (1.818.411) | (1.625.902) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.422.535) | (1.416.241) |
| Afskriftir | 10 | (291.627) | (270.298) |
| Rekstrarhagnaður | | 632.695 | 196.654 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага | 12 | 39.863 | 24.351 |
| Fjármunatekjur | 7 | 21.174 | 60.318 |
| Fjármagnsgjöld | 7 | 709.887 | (102.102) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 1.403.619 | 179.221 |
| Tekjuskattur | 8 | (224.420) | 7.180 |
| Hagnaður ársins | | 1.179.199 | 186.401 |
| Yfirlit um heildarafkomu | | | |
| Hagnaður ársins | | 1.179.199 | 186.401 |
| Tekjuskattur vegna sérstaks endurmats | 8 | 0 | (20.995) |
| Heildarafkoma ársins | | 1.179.199 | 165.406 |
| Hagnaður á hlut | | | |
| Hagnaður á hlut | 9 | 2,72 | 0,42 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 9 | 2,72 | 0,42 |



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2011

| Eignir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|------------------------------------|--------------|-------------------|-------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | 3.354.770 | 3.492.804 |
| Eignarhlutar í félögum | 12 | 127.490 | 103.004 |
| Skuldabréfaeign | 13 | 20.993 | 22.326 |
| | | <u>3.503.253</u> | <u>3.618.134</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Vörubirgðir | 14 | 1.340.787 | 1.187.426 |
| Viðskiptakröfur | 15 | 675.166 | 704.371 |
| Aðrar skammtímakröfur | 16 | 105.907 | 103.797 |
| Handbært fé | 24 | 270.986 | 6.159 |
| | | <u>2.392.846</u> | <u>2.001.753</u> |
| Eignir | | <u>5.896.099</u> | <u>5.619.887</u> |

Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--|--------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé | | | |
| Stofnsjóður A-deild | 17 | 251.663 | 255.708 |
| Stofnsjóður B-deild | 17 | 180.074 | 180.074 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 159.111 | 159.111 |
| Lögbundinn varasjóður | | 112.916 | 97.919 |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 807.785 | 839.799 |
| Óráðstafað eigið fé | | <u>1.199.394</u> | <u>14.343</u> |
| Eigið fé | | <u>2.710.943</u> | <u>1.546.954</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Langtímaskuldir | 18 | 2.148.502 | 2.477.538 |
| Eftirlaunaskuldbinding | 20 | 22.000 | 24.100 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 8 | <u>223.480</u> | <u>13.814</u> |
| | | <u>2.393.982</u> | <u>2.515.452</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 21 | 17.730 | 122.681 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 21 | 608.748 | 554.643 |
| Skattar til greiðslu | 8 | 14.754 | 0 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 18/21 | <u>149.942</u> | <u>880.157</u> |
| | | <u>791.174</u> | <u>1.557.481</u> |
| Skuldir | | <u>3.185.156</u> | <u>4.072.933</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>5.896.099</u> | <u>5.619.887</u> |



YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ I. JANÚAR - 31. DESEMBER 2011

Eigið fé

| | Stofnsjóður A-deild | Stofnsjóður B-deild | Yfirverðs- reikningur | Lögbundinn varasjóður | Sérstakur endurmatsr. | Óráðst. eigið fé | Samtals |
|--------------------------------------|------------------------|------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|---------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2010 | 257.320 | 180.074 | 159.111 | 97.164 | 893.609 | (204.114) | 1.383.164 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild | 7.224 | | | | | | 7.224 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild | (8.836) | | | | | (4) | (8.840) |
| Sérstakt endurmat millifært | | | | | (32.815) | 32.815 | 0 |
| Heildarhagnaður ársins | | | | | (20.995) | 186.401 | 165.406 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | | | 755 | | (755) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2010 | 255.708 | 180.074 | 159.111 | 97.919 | 839.799 | 14.343 | 1.546.954 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild | 8.947 | | | | | | 8.947 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild | (12.992) | | | | | | (12.992) |
| Greiddur arður af B-deild | | | | | | (11.165) | (11.165) |
| Sérstakt endurmat millifært | | | | | (32.014) | 32.014 | 0 |
| Heildarhagnaður ársins | | | | | | 1.179.199 | 1.179.199 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | | | 14.997 | | (14.997) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 251.663 | 180.074 | 159.111 | 112.916 | 807.785 | 1.199.394 | 2.710.943 |



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|----------------|----------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður ársins | | 632.695 | 196.654 |
| Afskriftir | 10 | 291.627 | 270.298 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | (16.328) | (755) |
| Efirlaunaskuldbinding, lækkun | 20 | (2.100) | (4.000) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 905.894 | 462.197 |
| Vörubirgðir, (hækkun) lækkun | 14 | (153.361) | 252.451 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | | 3.599 | 97.480 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) | | 75.893 | (66.174) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 832.025 | 745.954 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 20.166 | 58.538 |
| Greiddir vextir | | (216.373) | (208.658) |
| Greiddir skattar | 8 | 0 | 0 |
| Handbært fé frá rekstri | | 635.818 | 595.834 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | (166.640) | (119.494) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 29.372 | 5.357 |
| Breyting á eignarhluta í félögum | | (3.589) | 9.324 |
| Arður frá hlutdeildarfélögum | 12 | 18.968 | 14.969 |
| Skuldabréfaeign, ný bréf | | 0 | (5.070) |
| Skuldabréfaeign, afborgun | | 4.050 | 5.539 |
| | | (117.839) | (89.375) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (1.777.988) | (120.547) |
| Nýjar langtímaskuldir | | 1.608.791 | 10.914 |
| Stofnasjóðsgreiðslur A-deild | 17 | (4.046) | (1.613) |
| Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs | 17 | (11.165) | 0 |
| Skammtímask. við lánastofnanir, (lækkun) | | (68.744) | (416.090) |
| | | (253.152) | (527.336) |
| Hækkun (lækkun) hækkun handbærs fjár | | 264.827 | (20.877) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 6.159 | 27.036 |
| Handbært fé í lok árs | | 270.986 | 6.159 |



SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning félagsins, dótturfélags þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélag nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi I, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Dótturfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Reykjarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu Rangárvallasýslu.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

2.1 Staðlar og túlkanir sem taka gildi á reikningstímabilinu

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

Nýir og endurbættir staðlar

IAS 1 (endurbættur 2010) – *Framsetning reikningsskila*. Endurbætur á IAS 1 heimila félögum að sundurgreina breytingar á annarri heildarafkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

IAS 24 (endurbættur 2009) – *Upplýsingar um tengda aðila*. Með endurbótum á IAS 24 er skilgreining á tengdum aðilum einfölduð og opinberum aðilum veittar undanþágur að hluta frá kröfum um upplýsingar í skýringum um tengda aðila.

IFRS 3 (endurbættur 2010) – *Sameining félaga*. Með endurbótum á IFRS 3 eru valmöguleikar um mat á hlutdeild minnihluta á kaupdegi aðeins heimilir fyrir þá hlutdeild sem til staðar er á kaupdegi og veitir eiganda hennar rétt á hlutdeild í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins ef til gjaldþrots kemur. Allar aðrar tegundir hlutdeildar minnihluta eru metnar á gangvirði á kaupdegi, nema staðlarnir geri kröfur um annars konar mat. Jafnframt voru gerðar endurbætur á IFRS 3 til að veita frekari leiðbeiningar í tengslum við reikningshaldslega meðferð á kaupréttum starfsmanna í keypta félaginu.

Minniháttar endurbætur á öðrum stöðlum og túlkunum

IAS 32 – *Fjármálagæringar: Framsetning*. Með endurbótunum er farið fram á flokkun ákveðinna réttinda sem gefin eru út í erlendum gjaldmiðli annað hvort sem eiginfjárgæringing eða fjárskuld. Samkvæmt endurbótunum skulu þau réttindi, sem gefin eru út af félaginu og veitir handhöfum rétt til að kaupa ákveðinn fjölda eiginfjárgæringinga fyrir ákveðna fjárhæð í erlendum gjaldmiðli, vera flokkuð sem eiginfjárgæringingur í reikningsskilum útgefanda að því gefnu

SKÝRINGAR

að réttindin séu gefin út hlutfallslega til allra hluthafa í sama flokki. Áður en endurbæturnar voru gerðar voru slík réttindi flokkuð sem afleiða. Endurbótunum skal beitt afturvirk.

IFRIC 14 – *Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksframlag* – IFRIC 14 tekur á því hvenær skilyrði um endurgreiðslur eða lækkun á framtíðar framlagi eru uppfyllt í samræmi við IAS 19.58.

IFRIC 19 – *Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga*. Túlkunin veitir leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð á eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga. Samkvæmt túlkuninni skulu eiginfjárgerningar sem gefnir eru út vegna eftirgjafar fjárskulda metnir á gangvirði og mismunur á bókfærðu verði fjárskuldarinnar og gangvirði eiginfjárgerningsins færður í rekstrarreikning.

2.2 Staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi á reikningstímabilinu

Innleiðing á ofangreindum stöðlum og túlkunum hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum samstæðunnar. Við samþykkt þessa ársreiknings hafa jafnframt margir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi, sem félagið hefur ekki innleitt. Nánar verður greint frá þeim í næsta ársreikningi. Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing þeirra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað. Um nánari upplýsingar um einstaka staðla og túlkanir er bent á heimasíðuna www.iasplus.com.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga. Dótturfélög eru þau félög sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Meginmarkmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna. Þegar við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

3.4 Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar samstæðan tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga.



SKÝRINGAR

Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir í samstæðureikningi á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarri afkomu. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild er sá hluti kaupverðsins sem er umfram eignarhluta samstæðunnar í gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda hlutdeildarféлага á kaupdegi. Viðskiptavildin er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í samstæðunni og er metin með tilliti til virðisrýrnunar. Ef kaupverð reynist lægra en gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda myndast neikvæð viðskiptavild sem er tekjufærð á kaupári.

Hagnaður eða tap af viðskiptum samstæðunnar við hlutdeildarfélag er fært til samræmis við hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu.

3.5 Tekjur

Tekjur eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: Áhætta og ávinningurinn af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda og eignarréttur færist til kaupanda. Þegar unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti og þegar líklegt þykir að félagið muni hafa efnahagslegan ávinning af viðskiptunum og þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt er að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Þóknanir eru færðar á rekstrargrunni í samræmi við gerða samninga þegar hægt er að meta efnahagslegan ávinning og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þóknanir af samningum um framleiðslu eða sölu eru tekjufærðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Þóknanir af þjónustusamningum sem ná yfir lengri tíma eru tekjufærðar línulega á samningstímanum.

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

3.6 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinningur af eignarréttindum er framseldur leigutaka. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtum lágmarks leigugreiðslum, hvort sem lægra reynist.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

3.7 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi.

SKÝRINGAR

Efnislegar eignir og skuldir metnar á gangvirði eru færðar miðað við skráð gengi reikningsskiladags. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Gengismunur vegna peningalegra eigna og skulda er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

3.8 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand. Samstæða Sláturfélagsins hefur ekki tekið lán vegna eignfærðra nýfjárfestinga.

Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

3.9 Tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi, ef við á, og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

3.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatslækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatslækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Land og lóðir eru ekki afskrifaðar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.



SKÝRINGAR

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

3.11 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef vísbending er um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

3.12 Verðbréfaeign

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (fair value through profit and loss), fjáreignir til gjalddaga (held to maturity investments), fjáreignir til sölu (available for sale), og lán og kröfur (loans and receivables). Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan hefur fyrirætlanir og getu til að eiga þær fram til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna sölu á fastafjármunum og er það ætlan samstæðunnar að eiga bréfin fram til lokagjalddaga verðbréfanna.

3.13 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

3.14 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

3.15 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

SKÝRINGAR

3.16 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðir á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3.17 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3.18 Áhættustjórnun

Almenn stefna samstæðunnar er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Samstæðan er ekki með framvirka gjaldmiðla- eða valréttarsamninga, og gerði upp vaxtaskiptasamninga á árinu 2011. Áhætta samstæðunnar gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

3.19 Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

3.20 Starfsþáttayfirlit

Rekstri samstæðunnar er ekki skipt niður á starfsþætti þar sem reksturinn er allur innan eins starfsþáttar. Starfsemi samstæðunnar felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Hins vegar er hér að neðan birt yfirlit yfir tekjur samstæðunnar eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Á þetta sérstaklega við mat á varanlegum rekstrarfjármunum, birgðum og viðskiptakröfum, samanber skýringar nr. 10, 14 og 15. Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

5. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum: | 2011 | 2010 |
|---|------------------|------------------|
| Sala innanlands | 7.812.297 | 7.021.375 |
| Sala erlendis | 638.881 | 580.112 |
| | <u>8.451.178</u> | <u>7.601.487</u> |

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur. Einnig eru viðskiptavinir t.d. bændur, skólar og mötuneyti. Sala erlendis hefur að mestu verið til landa eins og Noregs, Hollands, Ítalíu og Hong Kong. Samstæðan selur til tveggja rekstrarsamstæðna meira en 10% af rekstrartekjum sínum og eru þeir aðilar með 29% og 10% hlutdeild.

6. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld samstæðunnar greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|--|-----------|-----------|
| Laun | 1.437.751 | 1.311.035 |



SKÝRINGAR

| | | |
|-----------------------------|------------------|------------------|
| Lífeyrissjóður | 131.692 | 120.441 |
| Önnur launategd gjöld | 161.598 | 144.091 |
| Starfsmannakostnaður | 87.370 | 50.335 |
| | <u>1.818.411</u> | <u>1.625.902</u> |

| | | |
|---------------------------|------|------|
| Starfsmannafjöldi: | 2011 | 2010 |
| Meðalfjöldi starfa | 414 | 416 |

Laun til stjórnenda:

Laun og launategd gjöld til stjórnar og stjórnenda félaga innan samstæðunnar námu um 83,6 millj.kr. á árinu 2011 og eignarhlutur þeirra í B-deild stofnsjóðs er samtals um 1,4 millj.kr.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---------------|---------------|
| Fjármunatekjur: | 2011 | 2010 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af innstæðum, lánum og kröfum | 18.682 | 57.200 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af fjárfestingum til gjalddaga | 2.012 | 1.684 |
| Arðstekjur | 480 | 134 |
| Söluhagnaður af hlutabréfasölu | 0 | 1.300 |
| | <u>21.174</u> | <u>60.318</u> |

| | | |
|--|----------------|------------------|
| Fjármagnsgjöld: | 2011 | 2010 |
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum | (7.171) | (29.267) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum..... | (181.072) | (171.330) |
| Gengismunur..... | (128.887) | 98.495 |
| Leiðrétting vegna gengistaps lána og vaxta | 1.027.017 | 0 |
| | <u>709.887</u> | <u>(102.102)</u> |

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar þá hefur verið gert samkomulag við Arion banka hf. um uppgjör á gengistryggðum lánum Sláturfélags Suðurlands svf. Leiðréttingin á lánum að teknu tilliti til kostnaðar vegna endurfjármögnunar nam um 1.027 millj.kr. og er leiðréttingin tekjufærð meðal fjármagnsliða og skattaáhrif eru færð meðal skatta í rekstrarreikningi.

8. Tekjuskattur

Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 224,4 millj.kr. (2010, 7,2 millj.kr. til tekna). Tekjuskattshlutfall vegna ársins 2011 er 20%, en var 18% vegna ársins 2010.

Frestaður skattur

| | | |
|--|------------|------------|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Staða í ársbyrjun | 13.815 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding v. sérstaks endurmats fasteigna, breyting á skattprósentu..... | 0 | 20.995 |

SKÝRINGAR

| | | |
|---|----------------|---------------|
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2011/2010 | 224.420 | (7.180) |
| Tekjuskattur til greiðslu 2012/2011 | (14.755) | 0 |
| | <u>223.480</u> | <u>13.815</u> |

| | | |
|--|----------------|---------------|
| Helstu tekjuskattsskuldbindingar samstæðunnar greinast þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 268.048 | 272.758 |
| Viðskiptakröfur og birgðir | 4.815 | 6.800 |
| Söluhagnaður hlutabréfa | 0 | 48.335 |
| Aðrir liðir | (15.014) | 1.069 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | (34.369) | (315.147) |
| | <u>223.480</u> | <u>13.815</u> |

9. Hagnaður á hlut

| | | |
|--------------------------------------|------|------|
| Hagnaður á hlut: | 2011 | 2010 |
| Hagnaður ársins á hlut | 2,72 | 0,42 |
| Þynntur hagnaður ársins á hlut | 2,72 | 0,42 |

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

| | | |
|---|----------------|----------------|
| | 2011 | 2010 |
| Hagnaður ársins..... | 1.179.199 | 186.401 |
| Annað | 0 | 0 |
| Hagnaður notaður í útreikningi á heildarhagnaði á hlut..... | 1.179.199 | 186.401 |
| Vegið meðaltal A og B-deildar stofnsjóða..... | <u>433.760</u> | <u>436.588</u> |

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | | |
|---|------------------|------------------|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Kostnaðarverð eða endurmetið virði..... | 7.414.388 | 7.272.149 |
| Uppsafnaðar afskriftir | (4.059.618) | (3.779.345) |
| | <u>3.354.770</u> | <u>3.492.804</u> |
| Fasteignir og lóðir..... | 2.610.184 | 2.726.846 |
| Vélar og áhöld | 634.826 | 652.088 |
| Bifreiðar og flutningstæki | 109.760 | 113.870 |
| | <u>3.354.770</u> | <u>3.492.804</u> |



SKÝRINGAR

| | Fasteignir og lóðir | Vélar og áhöld | Bifreiðar og flutningstæki | Samtals |
|--------------------------------------|------------------------|-------------------|-------------------------------|-----------|
| Kostnaðarverð | | | | |
| Staða 1. janúar 2010 | 4.437.159 | 2.530.747 | 200.542 | 7.168.448 |
| Eignfært á árinu | 18.909 | 75.925 | 24.659 | 119.493 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (10.318) | (5.474) | (15.792) |
| 1. janúar 2011 | 4.456.068 | 2.596.354 | 219.727 | 7.272.149 |
| Eignfært á árinu | 36.598 | 100.277 | 29.766 | 166.641 |
| Selt og aflagt á árinu | (18.837) | (3.269) | (2.295) | (24.401) |
| 31. desember 2011 | 4.473.829 | 2.693.362 | 247.198 | 7.414.389 |
| Afskriftir | | | | |
| Staða 1. janúar 2010 | 1.602.751 | 1.834.769 | 82.719 | 3.520.239 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (7.369) | (3.821) | (11.190) |
| Afskrift ársins | 126.472 | 116.867 | 26.959 | 270.298 |
| 1. janúar 2011 | 1.729.223 | 1.944.267 | 105.857 | 3.779.347 |
| Selt og aflagt á árinu | (6.994) | (3.269) | (1.093) | (11.356) |
| Afskrift ársins | 141.416 | 117.538 | 32.674 | 291.628 |
| 31. desember 2011 | 1.863.645 | 2.058.536 | 137.438 | 4.059.619 |
| Bókfært verð 31. desember 2011 | 2.610.184 | 634.826 | 109.760 | 3.354.770 |
| Nýtingartími eigna | 25-50 ár | 5-17 ár | 5-8 ár | |

Meðal fasteigna í eignaskrá er eign í Danmörku sem er í útleigu. Fyrirhugað er að selja þá eign og er bókfært verð um 18 millj.kr., en áætlað söliverð nokkuð hærra. Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 32 millj.kr. sem eru ekki afskrifaðar.

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 2.272 millj. kr. í árslok 2011. Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veð og skuldbindingar eru um 3.161 millj.kr.

Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón að verðmati sem gert var af Ferli ehf., verkfræðistofu. Fasteignir hafa ekki verið endurmetnar síðan. Á árinu 2011 var gert nýtt mat á fasteignunum af fasteignasölu sem var vel hærra en bókfært verð sömu eigna.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í árslok

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--|-------------|-------------|
| Endurmetið bókfært verð | 2.610.184 | 2.726.846 |
| Þar af áhrif sérstaks endurmats | (1.009.731) | (1.049.749) |
| Bókfært verð án áhrifa endurmats | 1.600.453 | 1.677.097 |

SKÝRINGAR

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Váttrygg.mat |
|--------------------------------------|--------------|--------------|
| Fasteignir og lóðir | 1.985.527 | 6.751.925 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 3.339.315 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 187.710 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 2.436.275 |

11. Dótturfélag

Eignarhlutar í dótturfélögum greinast þannig:

| Nafn dótturfélags | Staðsetning | Eignarhluti | Atkvæðisréttur | Meginstarfsemi |
|-------------------|-----------------|-------------|----------------|----------------------------------|
| Reykjagarður hf. | Reykjavík/Hella | 100% | 100% | Framleiðsla og sala á kjúklingum |

12. Hlutdeildarfélag og önnur félög

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| Nafn hlutdeildarfélags | Staðsetning | Eignarhluti | Atkvæðisréttur | Meginstarfsemi |
|------------------------|-------------|-------------|----------------|------------------------------|
| Holt & Gott ehf. | Reykjavík | 50% | 50% | Framleiðsla og sala á salati |
| Orkugerðin ehf. | Selfoss | 38% | 38% | Förgun á úrgangi |
| Ísfugl ehf. | Mosfellsbær | 30% | 30% | Sala á kjúklingaafurðum |
| Birtill ehf. | Reykjavík | 100% | 100% | Engin starfsemi |

Upplýsingar um fjárhagsstöðu hlutdeildarféлага:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|------------|------------|
| Eignir samtals | 725.729 | 603.189 |
| Skuldir samtals | (395.462) | (398.009) |
| Hrein eign | 330.267 | 205.180 |
| Hlutdeild samstæðunnar í samtals hreinum eignum hlutdeildarféлага | 118.886 | 94.293 |
| | 2011 | 2010 |
| Tekjur samtals | 1.769.242 | 1.581.496 |
| Heildarhagnaður ársins | 105.435 | 58.479 |
| Hlutdeild samstæðunnar í heildarhagnaði hlutdeildarféлага á árinu | 39.863 | 24.351 |

Orkugerðin ehf. hefur farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu sem miðast við árslok 2011, m.a. var allt eldra hlutafé fært niður og nýtt hlutafé greitt inn. Ekki er færð hlutdeild í afkomu í félaginu Orkugerðinni ehf. þar sem eignarhlutur í því félagi hefur verið færður niður í reikningsskilum samstæðunnar. Hins vegar er færður til eignar hlutdeild samstæðunnar í nýju hlutafé félagsins. Arður frá hlutdeildarfélögum nam um 19 millj.kr.á árinu 2011. Engin starfsemi var hjá félaginu Birtli ehf. á árinu 2011. Eignarhlutur í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

Eignarhlutur í félögum greinist þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|------------|------------|
| Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum | 118.886 | 94.293 |
| Eignarhlutur í öðrum félögum | 8.604 | 8.711 |
| | 127.490 | 103.004 |



SKÝRINGAR

13. Skuldabréfaeign

| Greining á skuldabréfaeign | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|-------------------------------------|---------------|---------------|
| Staða í upphafi árs | 25.477 | 24.227 |
| Ný bréf á árinu | 0 | 6.290 |
| Innborganir á árinu | (4.049) | (5.539) |
| Verðbætur | 1.012 | 499 |
| Staða í lok árs | 22.440 | 25.477 |
| Næsta árs afborgun | (1.447) | (3.151) |
| | <u>20.993</u> | <u>22.326</u> |
| Yfirlit yfir skuldabréfaeign | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Verðtryggð bréf | 20.252 | 19.501 |
| Óverðtryggð bréf | 2.188 | 5.976 |
| | <u>22.440</u> | <u>25.477</u> |

14. Vörubirgðir

| Vörubirgðir greinast þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|------------------|------------------|
| Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur | 946.673 | 765.927 |
| Rekstrarvörur | 111.007 | 104.332 |
| Ýmsar vörur | 283.107 | 317.167 |
| | <u>1.340.787</u> | <u>1.187.426</u> |
| Tryggingaverðmæti birgða | <u>1.340.787</u> | <u>1.187.426</u> |

Arion banki hf. er með veð í birgðum samstæðunnar að fjárhæð 559 millj.kr.

15. Viðskiptakröfur

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--|----------------|----------------|
| Viðskiptakröfur | 755.322 | 767.727 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (80.156) | (63.356) |
| | <u>675.166</u> | <u>704.371</u> |

Arion banki hf. er með veð í viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 498 millj.kr.

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--|-----------------|-----------------|
| Staða í upphafi árs | (63.356) | (44.556) |
| Aukning á árinu | (16.800) | (18.800) |
| Staða í lok árs | <u>(80.156)</u> | <u>(63.356)</u> |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Veittur gjaldfrestur samstæðunnar er að meðaltali 28 dagar, en 2010 voru þeir 32 dagar að meðaltali.

SKÝRINGAR

16. Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|-----------------------------------|----------------|----------------|
| Virðisaukaskattur | 60.496 | 56.268 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 22.268 | 29.069 |
| Kröfur á tengd félög | 18.469 | 7.312 |
| Skuldabréfaeign | 1.489 | 3.197 |
| Aðrar kröfur | 3.185 | 7.951 |
| | <u>105.907</u> | <u>103.797</u> |

17. Hlutfé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutfé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--------------------------------------|----------------|----------------|
| Stofnsjóður í ársbyrjun | 255.708 | 257.320 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur á árinu | 8.947 | 7.224 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur á árinu | (12.992) | (8.836) |
| | <u>251.663</u> | <u>255.708</u> |

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:

| | Hlutfall | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|------------------------------|----------|----------------|----------------|
| Heildarhlutfé í árslok | 100,0% | 200.000 | 200.000 |
| Eigin hlutir í árslok | (9,96%) | (19.926) | (19.926) |
| | 90,04% | <u>180.074</u> | <u>180.074</u> |

Á árinu 2011 var greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 11,2 millj.kr. skv. ákvörðun aðalfundar félagsins. Um nánari greiningu á eiginfjárreikningum er vísað til yfirlits um eigið fé.

18. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|------------------|------------------|
| Skuldir við lánastofnanir | 661.903 | 3.306.353 |
| Skuldir við lífeyrissjóði | 1.612.849 | 0 |
| Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga | 7.584 | 25.968 |
| Skuldir við aðra | 16.109 | 25.374 |
| | <u>2.298.445</u> | <u>3.357.695</u> |



SKÝRINGAR

Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok eftir gjaldmiðlum greinast þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|------------------------------------|------------|------------|
| Skuldir í CHF..... | 0 | 807.286 |
| Skuldir í JPY | 0 | 733.091 |
| Skuldir í EUR | 0 | 657.943 |
| Skuldir í USD | 0 | 306.727 |
| Skuldir í CAD | 0 | 65.424 |
| Skuldir í myntkörfu | 1.577 | 19.032 |
| | 1.577 | 2.589.503 |
| Verðtryggð lán í ISK | 2.230.141 | 705.699 |
| Óverðtryggð lán í ISK | 66.726 | 62.493 |
| | 2.298.444 | 3.357.695 |
| Næsta árs afborganir | (149.942) | (880.157) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 2.148.502 | 2.477.538 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|----------------------------|------------|------------|
| Afborganir 2012/2011 | 149.942 | 880.157 |
| Afborganir 2013/2012 | 89.076 | 135.695 |
| Afborganir 2014/2013 | 90.314 | 1.101.029 |
| Afborganir 2015/2014 | 91.407 | 184.238 |
| Afborganir 2016/2015 | 83.374 | 128.612 |
| Afborganir síðar | 1.794.331 | 927.964 |
| | 2.298.444 | 3.357.695 |

Langtímaskuldir að fjárhæð 2.272 millj.kr. í árslok 2011 eru með þinglýst veð í eignum samstæðunnar.

19. Fjármögnunarleigusamningar

Fyrirkomulag fjármögnunarleigusamninga

Fjármögnunarleigusamningar voru gerðir vegna ýmissa véla og tölvubúnaðar og er leigutíminn 3-5 ár. Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga eru tryggðar með veði í undirliggjandi eignum.

Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga

| | Lágmarksleigugreiðslur | |
|---|------------------------|------------|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Innan árs | 3.721 | 17.780 |
| Eftir 1-5 ár | 3.863 | 8.188 |
| | 7.584 | 25.968 |
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Fært á meðal vaxtaberandi skulda í langtímaskuldum | 3.863 | 8.188 |
| Fært á meðal vaxtaberandi skulda í skammtímaskuldum | 3.721 | 17.780 |
| | 7.584 | 25.968 |

SKÝRINGAR

20. Eftirlaunaskuldbinding

Á Sláturfélaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 22 millj.kr. (2010,24,1 millj.kr.) og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2020. Á árinu lækkaði skuldbindingin um 2,1 millj.kr. vegna eftirlaunagreiðslna ársins og endurreiknings á skuldbindingunni.

21. Skammtímaskuldir

| Skuldir við lánastofnanir | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---------------|----------------|
| Skammtímaskuldir við banka | 11.360 | 80.104 |
| Áfallnir vextir af langtímaskuldum | 6.370 | 26.690 |
| Áfallnir vextir vegna vaxtaskiptasamninga | 0 | 15.787 |
| | <u>17.730</u> | <u>122.581</u> |

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|----------------|----------------|
| Viðskiptaskuldir | 438.260 | 431.872 |
| Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda | 144.359 | 97.866 |
| Ýmsar skuldir | 26.130 | 24.905 |
| | <u>608.749</u> | <u>554.643</u> |

Næsta árs afborgun langtímaskulda

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|----------------------------------|----------------|----------------|
| Skuldir við lánastofnanir | 109.110 | 858.016 |
| Skuldir við lífeyrissjóði | 34.883 | 0 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 3.721 | 17.780 |
| Aðrar langtímaskuldir | 2.228 | 4.361 |
| | <u>149.942</u> | <u>880.157</u> |

22. Fjármálagerningar

22.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

| Fjáreignir | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|-----------------------|------------|------------|
| Bankareikningar | 270.533 | 5.197 |
| Viðskiptakröfur | 675.166 | 704.371 |
| Skuldabréfaeign | 22.482 | 25.523 |

| Fjárskuldir | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---------------------------------|------------|------------|
| Viðskiptaskuldir | 608.748 | 554.643 |
| Skuldir við lánastofnanir | 2.316.175 | 3.480.376 |

22.2 Áhættustýring

Innan samstæðunnar er áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta og lausafjáráhætta.



SKÝRINGAR

22.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir og skuldir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Vaxtaberandi eignir og skuldir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna og skulda og hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 25 og 50 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| | 31.12.2011 | | 31.12.2010 | |
|----------------------------------|------------|---------|------------|----------|
| | 25 pkt | 50 pkt | 25 pkt | 50 pkt |
| Áhrif á afkomu og eigið fé | (4.046) | (8.093) | (7.071) | (14.143) |

22.4 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

| Mynt | Árslokagengi | | Meðalgengi | | Ársflökt |
|-----------|--------------|-------|------------|-------|----------|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 | 2011 |
| EUR | 158,8 | 153,8 | 161,4 | 161,9 | 4,0% |
| GBP | 189,4 | 178,5 | 186,0 | 188,6 | 6,9% |
| DKK | 21,4 | 20,6 | 21,7 | 21,7 | 3,9% |
| NOK | 20,4 | 19,7 | 20,7 | 20,2 | 7,6% |
| SEK | 17,0 | 17,2 | 17,9 | 17,0 | 8,3% |
| USD | 122,7 | 115,1 | 116,1 | 122,0 | 9,3% |
| JPY | 1,6 | 1,4 | 1,5 | 1,4 | 12,4% |
| CHF | 130,7 | 122,9 | 131,2 | 117,2 | 14,8% |
| CAD | 120,2 | 115,3 | 117,3 | 118,5 | 9,0% |

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2011

| | Eignir | Skuldir | Hrein staða |
|-----------|--------|---------|-------------|
| EUR | 46.953 | 4.846 | 42.107 |
| GBP | 13 | 0 | 13 |
| DKK | 16.973 | 36.665 | (19.692) |
| NOK | 358 | 0 | 358 |
| SEK | 15 | 0 | 15 |
| CAD | 6 | 0 | 6 |

SKÝRINGAR

| | | | |
|-----------|---------------|---------------|---------------|
| USD | 2.534 | 8.088 | (5.554) |
| JPY | 174 | 0 | 174 |
| CHF | 30 | 0 | 30 |
| | <u>67.056</u> | <u>49.599</u> | <u>17.457</u> |

| Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2010 | <u>Eignir</u> | <u>Skuldir</u> | <u>Hrein staða</u> |
|------------------------------------|---------------|------------------|--------------------|
| EUR | 54.005 | 692.321 | (638.316) |
| GBP | 11 | 0 | 11 |
| DKK | 26.448 | 45.744 | (19.296) |
| NOK | 17 | 0 | 17 |
| SEK | 4 | 0 | 4 |
| CAD | 6 | 66.133 | (66.127) |
| USD | 5.951 | 316.033 | (310.082) |
| JPY | 0 | 739.044 | (739.044) |
| CHF | 28 | 813.746 | (813.718) |
| | <u>86.470</u> | <u>2.673.021</u> | <u>(2.586.551)</u> |

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

| | 31.12.2011 | | 31.12.2010 | |
|-----------|------------|------------|-----------------|------------------|
| | 2,5% | 5% | 2,5% | 5% |
| EUR | 842 | 1.684 | (13.084) | (26.171) |
| GBP | 1 | 1 | 0 | 0 |
| DKK | (394) | (788) | (396) | (791) |
| NOK | 7 | 14 | 1 | 1 |
| SEK | 1 | 0 | 0 | 0 |
| CAD | 0 | 0 | (1.356) | (2.711) |
| USD | (111) | (222) | (6.357) | (12.713) |
| JPY | 3 | 7 | (15.150) | (30.301) |
| CHF | 1 | 2 | (16.681) | (33.362) |
| | <u>350</u> | <u>698</u> | <u>(53.023)</u> | <u>(106.048)</u> |

23.5 Verðáhætta verðbréfa

Samstæðan á óverulegar eignir í skuldabréfaeign eða um 22,5 millj.kr. Skuldabréfin eru vegna sölu á fastafjármunum og er fyrirhugað að eiga bréfin fram að lokagjalddaga verðbréfanna.



SKÝRINGAR

22.6 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að neðan.

| Hámarksútlánaáhætta greinist þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--------------------------------------|------------------|----------------|
| Skuldabréfaeign | 22.482 | 25.523 |
| Viðskiptakröfur | 675.167 | 704.371 |
| Aðrar kröfur | 82.150 | 71.531 |
| Bankainnstæður | 270.553 | 5.198 |
| | <u>1.050.352</u> | <u>806.623</u> |

22.7 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð.

| Skuldir 31.12.2011 | Innan | 2013 | 2014+ | Samtals |
|-------------------------------|------------------|-----------------|--------------------|--------------------|
| | eins árs | | | |
| Óvaxtaberandi | 608.749 | 0 | 0 | 608.749 |
| Með fljótandi vöxtum | 124.740 | 48.301 | 480.678 | 653.719 |
| Með föstum vöxtum | 42.440 | 40.774 | 1.579.241 | 1.662.455 |
| | <u>775.929</u> | <u>89.075</u> | <u>2.059.919</u> | <u>2.924.923</u> |
| Eignir 31.12.2011 | | | | |
| Óvaxtaberandi | 779.584 | 0 | 0 | 779.584 |
| Með fljótandi vöxtum | 271.720 | 511 | 510 | 272.741 |
| Með föstum vöxtum | 317 | 280 | 18.955 | 19.552 |
| | <u>1.051.621</u> | <u>791</u> | <u>19.465</u> | <u>1.071.877</u> |
| Hrein staða 31.12.2011 | <u>275.692</u> | <u>(88.284)</u> | <u>(2.040.454)</u> | <u>(1.853.046)</u> |

| Skuldir 31.12.2010 | Innan | 2012 | 2013+ | Samtals |
|-------------------------------|------------------|------------------|--------------------|--------------------|
| | eins árs | | | |
| Óvaxtaberandi | 554.643 | 0 | 0 | 554.643 |
| Með fljótandi vöxtum | 967.434 | 117.794 | 2.252.339 | 3.337.567 |
| Með föstum vöxtum | 19.636 | 17.901 | 105.271 | 142.808 |
| | <u>1.541.713</u> | <u>135.695</u> | <u>2.357.610</u> | <u>4.035.018</u> |
| Eignir 31.12.2010 | | | | |
| Óvaxtaberandi | 804.971 | 0 | 0 | 804.971 |
| Með fljótandi vöxtum | 9.101 | 2.059 | 1.021 | 12.181 |
| Með föstum vöxtum | 291 | 255 | 18.955 | 19.501 |
| | <u>814.363</u> | <u>2.314</u> | <u>19.976</u> | <u>836.653</u> |
| Hrein staða 31.12.2010 | <u>(727.350)</u> | <u>(133.381)</u> | <u>(2.337.634)</u> | <u>(3.198.365)</u> |

SKÝRINGAR

23. Tengdir aðilar

| Viðskipti við hlutdeildarfélög árið 2011: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Viðskipta- kröfur | Viðskipta- skuldir |
|--|----------------------------|---------------------------|----------------------|-----------------------|
| Holt & Gott ehf. | 11.684 | 76.218 | 11.080 | 0 |
| Orkugerðin ehf. | 46.119 | 41 | 0 | 3.861 |
| Ísfugl ehf. | 5.447 | 12.801 | 0 | 1.385 |
| Birtill ehf. | 0 | 0 | 0 | 4.286 |
| | <u>63.250</u> | <u>89.060</u> | <u>11.080</u> | <u>9.532</u> |
| Viðskipti við hlutdeildarfélög árið 2010: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Viðskipta- kröfur | Viðskipta- skuldir |
| Holt & Gott ehf. | 12.736 | 73.662 | 7.312 | 0 |
| Orkugerðin ehf. | 44.351 | 38 | 0 | 2.019 |
| Ísfugl ehf. | 3.915 | 16.218 | 0 | 0 |
| Birtill ehf. | 0 | 0 | 0 | 4.286 |
| | <u>61.002</u> | <u>89.918</u> | <u>7.312</u> | <u>6.305</u> |

24. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og handbært fé á bankareikningum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|----------------------|----------------|--------------|
| Bankainnstæður | 270.553 | 5.198 |
| Sjóður | 433 | 961 |
| | <u>270.986</u> | <u>6.159</u> |

25. Rekstrarleigusamningar

Félög innan samstæðunnar eru ekki með neina rekstrarleigusamninga í árslok 2011. Eftirstöðvar rekstrarleigusamninga í árslok 2010 námu 5,1 millj.kr.

26. Önnur mál

Arion banki hf. er með að handveði 32,5 millj.kr. í hlutabréfign í Reykjagarði hf. Einnig er Arion banki með veð í öllum eignum Reykjagarðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

27. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 24. febrúar 2012.



FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2011

| | |
|----------------------------------|---|
| ÖRÆFADEILD | Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi |
| HÖRGLANDSDEILD | Jón Jónsson, Prestsbakka |
| KIRKJUBÆJARDEILD | Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2 |
| SKAFTÁRTUNGUDEILD | Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð |
| ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD | Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum |
| HVAMMSDEILD | Jónas Erlendsson, Fagradal |
| DYRHÓLADEILD | Einar Magnússon, Norður-Hvoli |
| A-EYJAFJALLADEILD | Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum |
| V-EYJAFJALLADEILD | Baldur Björnsson, Fitjamýri |
| A-LANDEYJADEILD | Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu |
| V-LANDEYJADEILD | Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni |
| FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD | Kristinn Jónsson, Staðarbakka |
| RANGÁRVALLADEILD | Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga |
| HOLTA- OG LANDMANNADEILD | Stefán Sigurðsson, Þjóðólfshaga |
| ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD | Birkir Ármannsson, Brekku |
| GAULVERJABÆJARDEILD | Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli |
| ÁRBORGARDEILD | Björn Harðarson, Holti |
| HRAUNGERÐISDEILD | Þormóður Ólafsson, Hjálmholti |
| VILLINGAHOLTSDEILD | Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti |
| SKEIÐADEILD | Ingvar Hjálmarsson, Fjalli 2 |
| GNÚPVERJADEILD | Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga |
| HRUNAMANNADEILD | Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I |
| BISKUPSTUNGNADDEILD | Kjartan Sveinsson, Bræðratungu |
| LAUGARDALSDEILD | Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum |
| GRÍMSNESDEILD | Björn Snorrason, Björk 2 |
| ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD | Halldór Kristjánsson, Stíflisdal |
| ÖLFUSDEILD | Halldór Guðmundsson, Hvammi |
| KJÓSARDEILD | Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal |
| HVALFJARÐARDEILD | Kristín Helga Ármannsdóttir, Ytra-Hólmi |
| BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD | Magnús Þór Eggertsson, Ásgarði |
| DALADEILD | Kjartan Jónsson, Dunki |
| SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD | Ásbjörn Pálsson, Haukatungu-syðri |

STJÓRNARHÆTTIR

Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) er samvinnufélag. Um félagið gilda lög um samvinnufélög.¹ Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir SS ákveða. Til félagsfunda, þ.m.t. aðalfunda þarf að boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins getið í fundarboði. Vegna fyrirkomulags á félagsfundum er ekki hægt að upplýsa með fyrirvara um aðila sem koma til með að gefa kost á sér til stjórnarsetu með sama hætti og í hlutafélögum. Í fundarboði kemur ekki fram tillaga um fundarstjóra enda ekki til staðar sérstök tilnefningarnefnd. Fundargerðir félagsfunda eru sendar fulltrúum sem sitja félagsfundi. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.² Hlutaskrá B-deildar stofnsjóðs er aðgengileg og á vefsíðu félagsins eru birtar upplýsingar um 20 stærstu eigendur B-deildar.

STJÓRN

Stjórn SS ræður öllum málum félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunum. Stjórn SS er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna.³ Vegna eðlis SS sem samvinnufélags eru stjórnarmenn jafnframt innleggjendur afurða og þar með félagsmenn.

Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meirihluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórn dótturfélagsins Reykjagarðs hf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa fjórir stjórn félagsins.

Stjórn SS og dótturfélagsins Reykjagarðs hafa sett sér starfsreglur sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í starfsreglunum er fjallað nánar um hlutverk og störf stjórna félaganna.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringu 3.18 í ársreikningi þar sem m.a. kemur fram að almenn stefna félagsins sé að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Í skýringu 22 er greining á áhættu tengdri fjármálagæringum.

FORSTJÓRI

Forstjóri er ráðinn af stjórn SS og annast hann daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar.⁴ Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Það er jafnframt hlutverk forstjóra að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf þannig að hagsmunir félagsins séu hafðir að leiðarljósi.

ENDURSKOÐENDUR, KJÖRNIR SKOÐUNARMENN OG ENDURSKOÐUNARNEFND

Á aðalfundi SS er kjörinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag og á aðalfundi 2011 var Deloitte hf. kjörinn endurskoðandi félagsins. Deloitte hf. er jafnframt endurskoðandi dótturfélagsins Reykjagarðs hf.

Á aðalfundi SS eru einnig kjörnir skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt hvort árið. Á sama hátt eru kjörnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykka félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

¹ Lög um samvinnufélög nr. 22/1991.

² 23. gr. samþykka Sláturfélags Suðurlands svf.

³ 27. gr. samþykka Sláturfélags Suðurlands svf., sjá nánar skilyrði.

⁴ 29. gr. samþykka Sláturfélags Suðurlands svf.



STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn SS skipaði endurskoðunarnefnd á árinu 2009 og setti henni starfsreglur en endurskoðunarnefndin er undirnefnd stjórnar. Endurskoðunarnefndina skipa skoðunarmenn félagsins og varaformaður stjórnar. Með þessu hefur starfssvið kjörinna skoðunarmanna verið fært inn í endurskoðunarnefndina, sem starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri endurskoðenda. Meginverkefni nefndarinnar er að aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli félagsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda félagsins.

AÐRAR NEFNDIR

Á aðalfundi SS er kosin nefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að launum stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa á félagsfundum. Sérstök starfskjaranefnd með víðtækara hlutverk hefur ekki verin talin ástæða til að skipa þar sem stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og ákveður kjör hans. Forstjóri ræður aðra starfsmenn. Þó skal forstjóri hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður.

Ekki hefur verið skipuð sérstök tilnefningarnefnd til að koma með tilnefningu stjórnarmanna þar sem samþykktir félagsins og löng hefð er fyrir að tillögur um stjórnarmenn komi beint frá fulltrúum á aðalfundi og þeir komi úr hópi félagsmanna.⁵

⁵ Í. mgr. 27. gr. samþykka Slátturfélags Suðurlands svf.



STARFSHÆTTIR

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Slátturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík